

A detailed illustration of a pig in a barn. The pig in the foreground is large, with a pink face and large ears, and a black and white spotted body. It stands on a dark, wet floor. In the background, a group of smaller, pink pigs are gathered in a dimly lit barn with wooden walls and a hanging cloth. The scene is lit with warm, golden light from the left.

Sagan af Grana Grís

EFTIR KRISTJÁN HREINSSON



Það gerðist einu sinni í sveit, og ef það gerðist ekki, þá á það bara eftir að gerast. En það sem sagt er hafa gerst, er að lítill og horaður grís sem var kallaður Gulli, bjó ásamt göltum, gyltum og grísum í svínastíu og lét sér líða vel.



Gulli grís var svo jákvæður að öll svínin í stíunni vissu að alltaf var hægt að vænta hjálpar frá honum. Enda var það nú svo að nær öllum þótti vænt um Gulla.



Og það sem það sem átti sér stað þarna í sveitinni hjá Gulla grís, byrjaði að gerðast einn góðan veðurdag, þegar bóndinn á bænum hafði gefið svínunum mat. En þá komu tveir grísir til Gulla, og þeir hétu Subbi og Slubbi. Þeir spurðu hann hvort þeir mættu éta matinn hans



Og af því að Gulli var svo góður, sagði hann að mættu þeir gera það, enda þóttist hann viss um að þeir þyrftu á matnum að halda. Þá sagði Slubbi: -Heyrðu Gulli, má ég kannski líka drekka vatnið þitt?

Já-já, svaraði Gulli og horfði blíðlega á þá Subba og Slubba. Svona gekk þetta heilt sumar og hálfan vetur. Gulli grís át ekki nema einu sinni í viku, því þeir Subbi og Slubbi komu yfirleitt á hverjum degi og báðu um að fá matinn hans






Svo var það rétt fyrir jólin, að grísirnir stóðu í hóp við drullupoll, þá gekk Slubbi til Gulla og sagði við hann: -Heyrðu, Gulli, þorir þú að hoppa úti þennan drullupoll?



Já, svaraði Gulli og brosti. -Gerðu það þá, sagði Slubbi og það hlakkaði í honum.
-Já, sagði Gulli og stökk útí pollinn.



Nú kom bóndinn þarna að. Hann var reyndar þangað kominn til að velja grísi sem hann ætlaði slátra fyrir jólin.

A close-up photograph of a piglet's face, looking directly at the camera. The piglet has pink skin, large ears, and a pink snout. Its face is covered in dark mud. A large, muddy hand is visible on the left side of the frame, holding the piglet's head. The background is dark and blurry, suggesting a muddy or dirt-covered environment.

Hann starði yfir grísahópin, gekk inn í stíuna, dró Gulla uppúr drullunni og horfði á hann.

Bóndinn potaði nú í Gulla og sagði svo, einsog við sjálfan sig: -Þennan grís verður ekki hægt að hafa á borðum um þessi jól, hann er svo hryllilega horaður og svo er hann hinn mesti sóðagrís



Hann þagnaði, lagði Gulla niðri stíuna, leit í kringum sig og brátt sá hann tvo feita grísi sem bröltu um stíuna.





Það voru þeir Subbi og Slubbi sem þar voru á ferð. Og þegar bóndinn sá þá Subba og Slubba þá hrópaði hann: -Þarna eru tveir sem eru tilbúnir. Bóndinn tók nú þá Subba og Slubba í fang sér og gekk með þá burt.



Það var svo nokkrum árum síðar, að Gulli var spurður að því hvernig hann hefði farið að því að lifa svona lengi. Þá svaraði Gulli og sagði: -Já, það er nú saga að segja frá því. Já, og já-já, satt er nú það.

Níska öll í heimi hér
heldur þykir miður,
en það að gefa gjafir er
góðra manna siður.

